Stefnumótun

Frístundastarfs á vegum Grindavíkurbæjar

„Hlutverk Grindavíkurbæjar er að bjóða upp á fjölbreytt,
faglegt og vel skipulagt frístundastarf fyrir ungmenni,
fatlaða og eldri borgara, samkvæmt lögum, þar sem aðbúnaður
og aðstaða er eins og best verður á kosið.
Að styðja við bakið á félagasamtökum sem bjóða
upp á faglegt frístundastarf.“

Grindavíkurbær
Frístunda- og menningarsvið

GRINDAVÍKURBÆR

FRÍSTUNDASTEFNA GRINDAVÍKUR 2015-2020

- **Hlutverk Grindavíkurbæjar er að bjóða upp á fjölbreytt, faglegt og vel skipulagt frístundastarf fyrir ungmenni, fatlaða og eldri borgara, samkvæmt lögum, þar sem aðbúnaður og aðstaða er eins og best verður á kosið. Að styðja við bakið á félagasamtökum sem bjóða upp á faglegt frístundastarf.**

1. FRÍSTUNDIR ELDRI BORGARA

Staðan:

- ✓ Góð aðstaða í Miðgarði.
- ✓ Aðstaða fyrir frístundastarf á víð og dreif um bæinn.
- ✓ Öflugt og duglegt starfsfólk í Miðgarði.
- ✓ Áður voru tveir starfsmenn í 60% starfshlutfalli sem sáu um tómstundastarf.
- ✓ Öflug stjórn Félags eldri borgara.
- ✓ Framboð frístundastarfs;
    - Postulín og keramik, ýmis handavinna, þæfing, körfugerð, kerta- og kortagerð, vatnsleikfimi, leikfimi, stólaleikfimi, jóganámskeið, boccia, útskurður, dansnámskeið, tálgunarnámskeið, spilaklúbbur, óvæntar uppákomur, bingó, fræðsluerindi, upplestur o.fl.
- ✓ Vantar betri þátttöku eldri borgara.

Áherslur:

Rjúfa einangrun eldri borgara og virkja fleiri til þátttöku.
Fjölbreytt úrval frístundaiðkunar fyrir bæði kyn.
Bætt aðgengi almennings og eldri borgara að íþróttamannvirkjum.
Bjóða upp á markvisst og faglegt frístundastarf eldri borgara.
Öflugt samstarf Miðgarðs og skóla.

Aðgerðir:

- Skipulagðar heimsóknir til eldri borgara til að rjúfa einangrun þeirra og kynna fyrir frístundastarfi og þjónustu almennt.
- Stefnt að því að bjóða upp á heitan mat í hádeginu í Miðgarði og heimsendan mat.
- Auka aðgengi eldri borgara að íþróttamannvirkjum.
- Markvissari upplýsingaöflun um viðburði og frístundastarf.
- Fá fleiri sjálfboðaliða til starfa.
- Stefnt skal að því að allt félagsstarf utan stofnana verði skipulagt í náinni samvinnu við forstöðumann þeirrar stofnunar sem um ræðir og þá þjónustu sem það veitir bæjarbúum almennt. Kannaður verði möguleiki á því að Félag eldri borgara taki að sér umsjón þess að einhverju leyti.
- Sérstaklega skal kanna hvernig auka megi ferðaþjónustu fyrir aldraða í því skyni að auðvelda þeim að sækja afþreyingu og dagþjónustu.
- Stefnt skal að því að efla og útvíkka þá frístundaþjónustu sem veitt er í þjónustumiðstöðinni Miðgarði með það í huga að hún geti mætt fjölbreytilegri þörfum einstaklinga en verið hefur.
- Leitað verði eftir samstarfi við Félag eldri borgara í Grindavík um kannanir á þörfum og vilja aldraðra, ekki síst með það að leiðarljósi að kortleggja áhuga og frístundaþarfir núverandi og verðandi eldri borgara.
- Gert skal átak í því að aldraðir fái tækifæri til að kynnast nýrri upplýsingatækni.
- Halda utan um skráningu í frístundastarfi til að meta fjöldann frá ári til árs.

2. FRÍSTUNDASTARF BARNA OG UNGMENNA

Staðan:

- ✓ Miklir möguleikar með flutningi Þrumunnar í aðstöðu grunnskólans.
- ✓ Þruman opin á skólatíma frá kl. 08:00-14:00 en lítið skipulagt starf í gangi.
- ✓ Fjórir klúbbar í Þrumunni, opið fjögur kvöld í viku fyrir 8.-10. bekk.
- ✓ Opið tvisvar í viku fyrir 5.-7. bekk.
- ✓ Vantar skipulagt frístundastarf fyrir 16-18 ára.

- ✓ Ekkert skipulagt frístundastarf fyrir 3.-4. bekk.
- ✓ Frístundastarf er í Skólaseli í Hópsskóla fyrir 1.-3. bekk og er í umsjá grunnskólans.
- ✓ Frístundastarf fyrir fatlaða í sér stofu í grunnskólanum, að loknum skóladegi.
- ✓ Á sumrin er boðið upp á leikjanámskeið fyrir 6-12 ára í júní og júlí.
- ✓ Á sumrin er starfræktur Vinnuskóli Grindavíkur fyrir 8. til 11. bekk.
- ✓ Grindavík er fjölþjóðlegt samfélag.

Áherslur:

Að börn og ungmenni hafi jafnan aðgang og möguleika til frístundastarfs án tillits til efnahags.
Samþætting og samvinna verði aukin í nærumhverfi til þess að skapa samfellu í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi.
Markvisst samstarf bæjarins, skólastofnana og félagasamtaka þar sem þarfir barna og ungmennanna eru í forgrunni.
Faglegt frístundastarf með metnaðarfullu og vel menntuðu starfsfólki.
Samræming frístundastarfs barna og ungmenna, frá 1. bekk og upp úr.
Bjóða upp á fyrsta flokks aðstöðu sem fullnægir kröfum barna- og ungmenna.
Auka þarf aðlögun nýrra íbúa í fjölmenningalegu samfélagi.

Aðgerðir:

- Bjóða upp á faglegt og marvisst frístundastarf frá 1. bekk og upp í tvítugt.
- Bjóða upp á fyrsta flokks aðstöðu í félagsmiðstöðinni Þrumunni sem fullnægir þörfum og kröfum notenda.
- Ungmennaráð eigi áheyrnarfulltrúa í frístunda- og menningarnefnd.
- Skipuleggja frístundastarf fyrir 16-18 ára.
- Skipuleggja frístundastarf fyrir 3.-4. bekk.
- Kveikja á kösturum á kvöldin á körfubolta- og fótboltavellinum við Hópsskóla.
- Bjóða upp á opna tíma í Hópinu og íþróttahúsinu fyrir þá sem vilja komast í íþróttir.
- Að hafa reglulega sameiginlega fundi ungmennaráðs og nemendaráðs.

- Að hafa ungmennaráðstefnu einu sinni á ári.
- Búa til alþjóðaráð Grindavíkur sem hefur að markmiðið að bjóða nýjum íbúum upp á aðlögun, alþjóðakvöld og fjölmenningarlegur uppákomur tengdar frístundum.

3. FRÍSTUNDASTARF FATLAÐRA

Staðan:

- ✓ Fatlað fólk hefur meiri frítíma en annað fólk en lítið skipulagt starf fyrir hendi.
- ✓ Liðveisla eldri en 18 ára er komin undir heimaþjónustuna í Miðgarði.
- ✓ Atvinna með stuðningi komið í farveg.
- ✓ Engin ferðaþjónusta í boði.
- ✓ Mjög takmarkað aðgengi að íþróttamannvirkjum.

Áherslur:

Að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf fyrir fatlaða á þeirra forsendum og áhugasviði.

Að hafa reglulegt samráð við fatlað fólk, liðveitendur og aðstandendur þeirra um frístundastarf.

Rjúfa einangrun fatlaðra og virkja fleiri til þátttöku.

Að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Byggð verði upp fagleg þekking og gæðastarf í þjónustu við fatlaða.

Byggja upp einstaklingsmiðaða þjónustu í samráði við notendur á hverjum tíma.

Að skapa traust milli stjórnenda, starfsfólks, notenda og aðstandenda.

Að fylgst sé vel með nýjungum í þjónustu við fatlaða.

Opna augu atvinnurekenda í Grindavík fyrir AMS (atvinnu með stuðningi) og starfsþjálfun.

Aðgerðir:

- Vinna áfram einstaklingsbundnar frístundaáætlanir til að tryggja örvun og virkni.
- Kynna „Atvinnu með stuðningi“ markvisst fyrir atvinnurekendum.
- Halda áfram uppbyggingu og endurskipulagningu á starfi liðveitenda, t.d. með námskeiðum sem snýr að öryggi, sérþörfum og fleira.
- Setja upp stuðningskerfi í grunnskólanum.
- Bjóða upp á ferðaþjónustu sem nýtist í frístundastarfi.
- Bjóða upp á aðstöðu í Þrumunni eða öðru húsnæði sem hentar til félagsstarfs fatlaðra.

4. SAMNINGAR VIÐ FÉLAGASAMTÖK

Staðan:

- ✓ Samningar í gildi við ýmis félagasamtök þar sem eru beinir eða óbeinir styrkir, þ.e. með beinum fjárframlögum eða stuðningur með láni á húsnæði eða niðurgreiðslu húsnæðis:

  Karlakór Grindavíkur (31.12.2015)
  Grindavíkurdeild Rauða krossins (31.12.2016)
  Unglingadeildin Hafbjörg (31.05 2016)
  Slysavarnadeildin Þórkatla (31.12.2015)
  Björgunarsveitin Þorbjörn (31.21.2015)
  Grindavíkurkirkja, æskulýðsstarf (31.05.2016)
  Skógræktarfélag Grindavíkur (21. des. 2018)
  Handverksfélagið Greip (ótímasettur)
  Félag eldri borgara (21.12.2015)
  Önnur starfsemi: Hljómsveitaraðstaða í gömlu slökkvistöðinni.

- ✓ Grindavíkurbær á húsnæði fyrir frístundastarfsemi sem er ýmist lánað eða leigt til starfsemi félagasamtaka eins og Kvennó, útistofur við Grunnskóla Grindavíkur og gömlu slökkvistöðina.
- ✓ Miðgarður hefur verið lánaður fyrir starfsemi Félags eldri borgara og fleiri félagasamtök.

- ✓ Tónlistarskólinn hefur verið lánaður til æfinga Karlakórs Grindavíkur.
- ✓ Búast má við umsóknum frá fleiri félagasamtökum á næstu misserum.

Áherslur:

Að styðja við bakið á frístundastarfsemi með beinum eða óbeinum hætti með formlegum samningum.

Nýta vel húsnæði í eigu bæjarins, sem stendur til boða, fyrir frístundastarf.

Aðgerðir:

- Búa til vinnureglur varðandi umsóknir félagasamtaka um stuðning bæjarins við frístundastarf og hvaða kröfur eru gerðar til starfseminnar.
- Samræma og einfalda gerð samninga við félagasamtök.
- Gera reglulegar kannanir á meðal notenda frístundastarfs um gæði og gagnsemi starfseminnar.
- Efla samstarf á sviði frístundamála með því að halda árlega málþing um stöðu málaflokksins í Grindavík.

5.FORVARNIR

Staðan:

- ✓ Forvarnarteymi Grindavíkurbæjar heldur utan um forvarnarstarf hjá Grindavík í samstarfi við skóla, íþróttahreyfingu og félagasamtök. Í forvarnarteymi sitja:
  - Sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs
  - Sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs
  - Félagsráðgjafi
  - Sálfræðingur
  - Hjúkrunarfræðingur
  - Fulltrúi forvarnarnefndar UMFG
  - Deildarstjóri unglingastigs í Grunnskóla Grindavíkur
  - Lögreglan
  - Fulltrúi leikskólanna
  - Frístundaleiðbeinandi
- ✓ Skipulagðar forvarnir fyrir börn og unglinga.
- ✓ Engar skipulagðar forvarnir fyrir aðra aldurshópa.
- ✓ Forvarnarnefnd starfar innan UMFG.

- ✓ Góður árangur náðst í forvörnum á hjá grunnskólanemendum samkvæmt mælingum Rannsóknar og greiningar.
- ✓ Góð samvinna forvarnarteymis og forvarnarnefndar UMFG.

Áherslur:

Grindavíkurbær sé fyrirmyndarsveitarfélag í forvarnarstarfi og fræðslu.

Gott samstarf á milli aðila um forvarnarfræðslu í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi.

Markvisst forvarnarstarf fyrir alla aldurshópa þar sem leiðarljósið er aðgengi fyrir alla í frístundastarfi á vegum bæjarins.

Metnaðarfullt og vel menntað starfsfólk í frístundamálum.

Aðgerðir:

- Efla menntun og fræðslu allra þeirra sem vinna að frístundamálum með námskeiðum sem tengjast forvörnum.
- Vinna markvissa stefnu í vímuvarnamálum.
- Auka samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
- Sækja forvarnarráðstefnur og taka þátt í rannsóknarverkefnum um líðan og hagi fólks á öllum aldri.
- Aukið samstarf í forvarnarmálum á milli stofnana Grindavíkurbæjar og annarra aðila.
- Skilgreina betur hlutverk og markmið forvarnarteymis Grindavíkurbæjar.

6. AUKIN FAGMENNSKA Í FRÍSTUNDASTARFI

Til þess að auka enn frekar fagmennsku í frístundastarfi Grindavíkurbæjar er mikilvægt að:

- Setja á stofn þverfaglegt teymi í frístundamálum sem í sitja sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs, frístundaleiðbeinandi, forstöðumaður Miðgarðs, yfirþroska-

þjálfi og fulltrúar grunnskólans. Fundargerðir verði lagðar fyrir frístunda- og menningarnefnd.

- Frístundateymið hittist reglulega til að bera saman bækur sínar og fara yfir helstu verkefni í frístundamálum út frá faglegum forsendum.
- Frístundateymið fái reglulega á fund til sín fulltrúa þeirra sem nýta þjónustuna eins og frá Félagi eldri borgara, fötluðum, Ungmennaráði, nemenda- og Þrumuráði.
- Lögð verði áhersla á menntun starfsfólks sem kemur að frístundamálum á vegum Grindavíkurbæjar til að efla fagmennsku í starfinu.
- Er vettvangur til að samræma ráðgjöf varðandi frístundastarf eldri borgara, heimsókna til eldri borgara og fatlaðra, vegna einstaklingsbundinna frístundaáætlana fyrir fatlaða, vegna frístundastarfs í Skólaseli, vegna frístundastarfs í félagsmiðstöðinni Þrumunni, Vinnuskólanum, leikjanámskeiðum og vegna annars frístundastarfs á vegum Grindavíkurbæjar.
- Veitir ráðgjöf varðandi aðstöðu frístundastarf þar sem áhersla er lögð á að nýta húsnæði Grindavíkurbæjar á sem hagkvæmastan hátt.

❖ Framtíðarsýn frístundastarfs Grindavíkurbæjar:

Faglegt frístundastarf í góðu húsnæði með metnaðarfullu starfsfólki með góðu aðgengi fyrir alla þar sem íbúar á öllum aldri eru virkir þátttakendur. Nemendur grunnskólans búa við samþættingu skóla-, frístunda- og íþróttastarfs. Grindavíkurbær styður við bakið á félagasamtökum sem bjóða upp á frístundastarf eftir skýrum og gagnsæjum leiðum og reglum þar sem aðgengi fyrir alla er lykilatriði.